

Predikun,
Þingvallakirkja
25/9 1994

Hvítir skaflar setjast síðla að
í sumardökkum vængjum fjalls og rjúpu
og skuggar haustsins tína blað og blað
af birkigreinum, heiðin fyllist djúpu

myrkri, en hægt, og aðeins undir kvöld,
því enn er vetur fjarri dagsins bláma
og sólin skín, þó hún sé kvíðaköld
og kembir rauðar fléttur hrauns og gráma.

Úr efstu drögum rennur safnið, sér
að sólin bregst nú fölu lyngi og grasi
og þreyttir stinga gangnamenn úr glasi:
þeir koma í byggð með haust í hverju spori,
hófadyn í eyrum - jarmið sker
kvöldsins þögn með klið af horfnu vori.

En héðan berst þér birkilaufapeyr
af blásnum kvisti, grein sem aldrei deyr
hún er þitt ljóð, og landið vakir hér
í ljóði þínu og vatnið fylgir þér.

Matthías Johannessen - Fagur er dalur

Trén safna, árhringjum, fjörusteinar hrúðurkörnum og við söfnum minningum um sumur sem koma og hverfa, - og nú blæs vindurinn í vænglausum greinum haustsins.

Þær verur sem lifa nær heimskautum, skilja það best hversu birta og ylur eru mikilvæg - við Íslendingar, sem þreyjum ár hvert mánuðina löngu og myrku, höfum safnað í okkur ljósi sumarsins til að bera það með okkur í vetrinum.

Og það er eins og hægist á hjartslættinum, lífið verður hljóðlátara en áður, við hverfum inn í hlýjar dyngjur og tendrum ljós í hverju horni, leyfum rökkriinu að fara um okkur mjúkum höndum og höldum inn á við, hugsum, vegum og metum för okkar um lífsgötur.

Veturinn gefur okkur tækifæri til að ganga hægt um dyr og hvíla sálina. En til eru þeir sem kvíða myrkri og hriðarbyljum, það er eins og öll orka sé frá þeim tekin og tilfinningalegar hremmingar steðja að líkt og voldug holskefla ranghverfra strauma, sem sífellt meitlar brot úr veruleikanum.

Og það er óttinn sem tekur völdin, óttinn við að láta á sér bæra, óttinn við annað fólk, ótti við að vera til sem manneskja. Og þá er aðeins vonin um nýtt sumar og hlýja geisla sólar sem fleytir fólki áfram gegnum rökkurmánuði.

Það er vonin sem knýr okkur áfram, það er trúin sem gerir okkur kleyft að sigra heiminn, hverju á sinn hátt. Og trú er svo margvísleg, hún gerir eitt fyrir þig og annað fyrir mig, en það er þetta litla, en þó í eðli sínu stórkostlega orð; trú, sem hjálpar okkur að vera til í samfélagi manna, gefur okkur von um að takmörkum megi ná og felur í sér frjókorn kærleika og umburðarlyndis, sem eru tveir meginþættir í hverjum sonnum manni.

Trúðu á guð þinn, hvort sem þú skilgreinir þá veru sem almáttkan föður, móður, engil, náttúru, móður jörð... það skiptir ef til vill ekki öllu máli. Það sem máli skiptir er að skilja að við erum ekki ein, við erum hluti af einhverju miklu stærra samhengi og von okkar og trú tengist stærri hljómkviðu lífsins sem gefur okkur orku og styrk til að vaxa, þroskast, skilja gæfu okkar og getu og bera í okkur hamingju og ljósmagn til að deila með systurum okkar og bræðrum.

Að horfa á heiminn umhverfis, gefur grunsemdir um að seint náist réttlæti, friður með mönnum og sanngirni jafnræðis. Og til hvers eru þá líf okkar, þessara milljóna manna sem byggja þennan heim?

Eina svarið sem lítil sál langt uppi á Ísalandi getur gefið, er að í veraldarsamhenginu er engin keðjan sterkari en veikasti hlekkur hennar og því hlýtur hlutverk hvers og eins að vera að gera sjálfan sig að hljómfögnum streng í sköpunarverkinu, sem tónar hreint og skært út yfir lendur heimsins. Hvert og eitt okkar er einstakur og mikilvægur tónn í hljómkviðunni.

Og nú er komið haust, litir leika ljósum logum um hraunin og brátt fellur jarðargróður í dvala.

Ég minnst allra þeirra stunda frá liðnu sumri þar sem ég gekk um þessi hraun, átti mjúka mosahvílu við tærar botnlausar gjárnar og felldi ofurlítill hamingjutár yfir því að mega vera partur af þessu ótrúlega sköpunarverki.

Þetta er mitt veganesti inn í margbreytilegar víddir vetrarins, og þess vil ég óska ykkur, kærur kirkjugestir, að þið megið einnig eiga slíkt veganesti í farteskinu; að eiga í sálum ykkur trú og von, fegurð og kærleika.

Landið mitt
borin úr skauti þínu
komin af berangri
í máttugt hjarta þitt.

Öll skáldin sem um þig ortu
gengin sinn veg
nú tíðkast ekki framar
að kveða til þín ljóð.

Mig skortir svo sárlega orð.

Veit að þú skynjar
ólgandi gleði og tryggð
er ég legg mig í faðm þinn
og græt í fegurð þín.

GUÐ BLESSI OKKUR ÖLL



Þingvellir – Þjóðgarður

Sunnudagur 24. september.

Kl. 13.30. **Haustlitaganga.** Hug-
að að litbrigðum jarðar og nátt-
úrukröftum. Farið frá Flosagjá,
gengið í nágrenni Spangar og í
og við þinghelgi. Gönguferð lýk-
ur við Þingvallakirkju skömmu

fyrir guðsþjónustu. Göngustjóri:
Steinunn Ásmundsdóttir.

Kl. 15.00. **Guðsþjónusta í Þing-
vallakirkju.** Sr. Hanna María
Pétursdóttir þjónar fyrir altari.
Organisti: Einar Sigurðsson.
Einleikur á fiðlu: Sigurlaug Eð-
valdsdóttir. Steinunn Ásmunds-
dóttir les ljóð og prédikar. Með-
hjálpari: Elínborg Sturludóttir.

Kl. 16.15. **Lögbergsganga.**

Gengið frá Þingvallakirkju, um
búð- og þingsvæðið. Fjallað um
sögu þings og náttúru. Ein og
hálf klukkustund. Göngustjóri:
Sigurður Árni Þórðarson.

Gönguferðir verða aðeins farnar
ef veður verður skaplegt.
Stangaveiði í Þingvallavatni ekki
leyfð vegna hrygningar.

Upplýsingar um veður og dag-
skrá í síma 98-23636.

Þjóðgarðsvörður.

MORGUNBLAÐIÐ

FRÉTTIR

Gengið um Þingvelli

TVÆR gönguferðir auk guðsþjón-
ustu verða á dagskrá þjóðgarðsins á
Þingvöllum sunnudaginn 25. sept-
ember. Í fyrri gönguferðinni verður
hugað að litbrigðum jarðar og nátt-
úruöflum. Gönguferðinni lýkur við
Þingvallakirkju í þann mund sem
guðsþjónusta hefst.

Síðari gönguferðin hefst skömmu
eftir lok guðsþjónustu. Annar göngu-
stjóra, Steinunn Ásmundsdóttir,
predikar í guðsþjónustu. Sigrún Eð-
valdsdóttir leikur á fiðlu og Einar
Sigurðsson, organisti Þingvalla-
kirkju, leikur á orgel. Meðhjálpari,
Elínborg Sturludóttir, og sóknar-
prestur, Hanna María Pétursdóttir,
þjóna fyrir altari.